



## Parket

### 1. Efni blaðsins

Þrjár gerðir af parketi eru á markaði í dag. Það er parket úr heiltré, parket sem er samlímt í lögum og þunnparket. Algengustu viðartegundir í parketi eru eik, askur og beyki en margar aðrar tegundir eru einnig notaðar, þar að auki er mikill hluti af þeim úr hitabeltistrjám.

Í þessu blaði er fjallað um venjulegt parket, útfærslur á því og hvernig það er lagt.



Mynd 1. Gegnheilt parket

### 2. Gegnheilt parket

Parket úr heiltré (gegnheilt parket) er hefllað á þykkt og er með tappa og nót á hliðum og endum. Smá fas er haft á hliðum og endum til að tryggja að það falli saman. Gegnheilt parket sem er 20 mm eða meira á þykkt er hægt að nota sem berandi gólf, þó er ekki mælt með því.

Gegnheili parketstafurinn sem er sýndur á mynd 1 er úr einum réttthyrndum staf. Staðallinn EN 13226 setur stærðarkröfur, flokkunarreglur og frávik fyrir gegnheila parketstafi með nót og tappa. Venjan er að lakka gegnheilt parket eftir að það er lagt.

Gegnheilt parket getur einnig verið sett saman úr fleiri en einum staf og þá annaðhvort úr tveimur eða þremur stöfum á breiddina. Mynd 2 sýnir gegnheilt parket sett saman úr tveimur stöfum. Staðallinn EN 13629 gefur upp stærðarkröfur, flokkunarreglur og frávik fyrir þannig parketstafi.



Mynd 2. Gegnheilt parket límt saman úr tveimur stöfum

### 3. Samlímt parket

Samlímt parket er límt saman úr þremur eða fleiri lögum með tappa og nót á hliðum og í endum. Sjá mynd 3. Venjan er að leggja samlímt parket fljótandi, en það er líka límt niður.

Uppbygging á samlímtu parketi úr tveimur eða þremur lögum:

- Topplagið er timbrið sem parketið ber nafnið af. Þessu lagi getur verið deilt upp þannig að það líti út eins og stafaparket. Topplagið þarf í það minnsta að vera 2,5 mm til að vera skilgreint sem parket.
- Ef byggt er úr þremur lögum er miðjan vanalega úr timbri sem er hornrétt á topplagið. Þetta lag hindrar breiddarhreyfingu og sveigju.
- Botnlagið í þriggja laga parketi er með sömu viðarstefnu og topplagið. Þetta lag hefur það hlutverk að vinna á móti hreyfingum þannig að parketið verður slétt.
- Samlímt parket byggt upp úr tveimur lögum er byggt upp af topplagi sem parketið heitir eftir og krossviði.

Staðallinn EN 13489 gefur upp stærðarkröfur, flokkunarreglur og frávik fyrir parket af þessari gerð.



Mynd 3. Samlímt parket

### 4. Þunnparket

Þunnparket er í raun ekki parket þar sem efsta lagið nær ekki 2,5 mm. Efsta lagið á þunnparketi er spónn eða plast, efni og bakhliðin er oftast spónlögð. Þykktin á þessu parketi er yfirleitt minni en 10 mm og ekki er hægt að þússa það eftir slit.

ÍST-EN númer	Heiti
13226	Viðargólf - Gegnheilt parket með nót eða fjöður
13227	Viðargólf - Gegnheilt parket án nót eða fjöður
13228	Viðargólf - Gegnheilt parket ásamt parketefni með samsetningakerfi.
13488	Viðargólf - stafir fyrir mósaik parket
13489	Viðargólf - Samlímt parket
13629	Viðargólf - Gólfborð úr lauftrjám, heiltré og samsett
14761	Viðargólf - Parket úr heiltré - Mósaik stafir á hákant, mósík stafir og efni án nótar

Tafla 1. Gildandi staðlar

ÍST-EN númer	Undirtegundir	Frávik		
		Þykkt	Breidd	Lengd
13226		≥ 14 mm	≥ 40 mm	≥ 250 mm
13227	Parketstafir í mismunandi þykkt, breidd og lengd	9-11 mm 6-10 mm 13-14 mm	30-75 mm 60-180 mm 68-80 mm	120-400 mm ≥ 400 mm 350-600 mm
13228	Gegnheilt með samlæsingu	≥ 13 mm 8 ≤ t ≤ 14 mm	40-80 mm 40-100 mm	200-400 mm 200-2000 mm
13488		8 mm	≤ 35 mm	115-165 mm
13489	Engar kröfur um stærðir			
13629		≥ 10 mm	≥ 90 mm	≥ 400 mm
14761	Mósaikparket Grannir stafir Múrsteins munstur	8-35 mm 8-35 mm 23 mm	6-10 mm 11-23 mm 60-80 mm	115-320 mm 115-320 mm 115-165 mm

Tafla 2. Gildandi staðlar sóttir úr stöðlum í töflu 1

ÍST-EN númer	Frávíkskröfur							
	Þykkt	Breidd	Lengd	Kúft	Vinkilskekkja	Flatbeygja	Kantbeygja	Raki
13226	± 0,5 mm	± 0,2 mm	± 0,5 mm	0,5%	0,2%	0,5% ef límt	0,5 ‰ < 1 m eða límt 1 ‰ ≥ 1 m	7-11 %
13227	± 0,2 mm	± 0,2 mm	± 0,2 mm	0,5%	0,2%	0,5% ef límt	0,5 ‰ < 1 m eða límt 1 ‰ ≥ 1 m	7-11 %
13228	± 0,5 mm	± 0,2 mm	± 0,2 mm	0,5%	0,2%	0,5% ef límt	0,5 ‰ < 1 m eða límt 1 ‰ ≥ 1 m	7-11 %
13488	± 0,3 mm	± 0,1 mm	± 0,2 mm					7-11 %
13489	Topplag ≥ 2,5 mm	± 0,2 mm	± 0,1 %	0,2%	0,2%		≤ 0,1 %	5-9 %
13629 Ubeh.	± 0,1 mm	± 0,1 %	± 2,0 mm	0,7%	0,2%	0,5% ef límt 2 ‰ < 1 m	0,5 ‰ < 1 m 1 ‰ ef límt	6-12%
13629 Beh.	± 0,3 mm	± 0,3 %	± 2,0 mm	0,7%	0,2%	0,5% ef límt 2 ‰ < 1 m	0,5 ‰ < 1 m 1 ‰ ef límt	6-12%
14761	± 0,5 mm	± 0,5 mm	± 0,5 mm					7-11 %

Tafla 3. Frávíkskröfur, sótt í staðla

## 5. Gæðakröfur

Gæðakröfur fyrir parket eru skilgreindar í Evrópustöðlum. Þeir staðlar sem skipta mestu máli eru sýndir í töflu 1.

Útdráttur úr mikilvægustu kröfunum sem fjalla um stærðir og stærðarfrávik er sýndur í töflum 2 og 3.

Flestir þessara staðla eru nokkuð frjálslægir þegar fjallað er um raka. Það er vegna þess að þeir eiga að ná yfir notkun um alla Evrópu, þar sem loftslag er mismunandi. Hér á landi eru það neðri mörkin sem er miðað við í flestum tilfellum.

## 6. Stærðar- og formbreyting

Timbur er lifandi efni sem breytir sér í samræmi við loftraka og hita í því umhverfi þar sem það er. Parket sem geymt er við stöðugt raka- og hitastig mun aðlaga sig þeim viðarjafnvægisraka sem þar er. Þetta gildi kallast jafnvægisraki (JVR).

Hlutfallsraki (HR) í húsnæði er mismunandi eftir árstíðum. Við búum við það að veður getur verið mjög misjafnt á milli árstíða og ára. Þar af leiðandi er hlutfallsrakinn ansi misjafn. Upphitun hjá okkur er nokkuð einsleit um allt land, þó getur hún verið breytilegri á köldum svæðum þar sem notast er við rafmagn. Löng rigningartíð eykur hlutfallsrakann en sólríkt og þurrt veður lækkar hann. Algengt hitastig innanhúss hér á landi er u.þ.b. 20°C og loftraki um 35-40% sem gerir viðarjafnvægisraka á bilinu 6,5-7%. Þegar loftrakinn hækkar dregur parketið til sín raka og þenst út og þegar loftrakinn minnkar gefur parketið frá sér raka og innþornar. Mynd 4 sýnir hvernig viðarrakinn í parketinu breytist innanhúss á einu ári við breytingu á jafnvægisrakanum. Rakinn í timbrinu breytir sér sem sagt í samræmi við það þegar jafnvægisrakinn breytist en vegna tregðu í rakaflutningi í viðnum fylgjast línurnar ekki að. Því verður viðarrakinn lægstur í febrúar/

mars, en hæstur í ágúst/september. Breytingin yfir eitt ár er frá því að vera um 6% í mars upp í u.þ.b. 8% í september miðað við u.þ.b. 20°C innanhúss. Að vetri miðað við 20-24°C ætti rakinn innandyra að vera 30%+, en að sumri miðað við 21-25°C ætti rakinn innandyra ekki að vera meiri en 50%.

Náttúruleg þensla og rýrnun á timbri vegna breytinga á raka verður til þess að stærðin á gólfinu breytist. Parket sem er límt við undirlagið myndar bil á milli parketstafanna þegar það gefur frá sér raka á þurrasta tímabilinu. Á sama hátt þrýstast stafirnir saman þegar rakinn eykst á blautasta tímabilinu. Þegar parketgólf er lagt þarf viðarrakinn að vera á bilinu 7-8% í parketstöfunum. Vegna þessarar rakabreytingar er komið í veg fyrir of mikla gliðnun á milli stafa eða aðra formbreytingu. Þar sem gólfhiti er notaður þarf að kanna réttan viðarraka í hverju tilfalli.


Lengdarbreyting er ekki mikil í hlutfalli við breiddarrýrnun, en við verðum að taka tillit til hennar, allavega í stórum herbergjum. Lagskipt parket breytist minna en heilparket.

Hægt er að reikna út hver formbreyting á parketi er ef hitastigið og loftrakinn er vitað og hver viðarrakinn var við afhendingu parketsins. Þegar parket er notað þarf maður að gæta að öllum þáttum sem tengjast raka, hvort sem er í parketinu eða á staðnum þar sem á að nota það. Ef það er ekki gert má reikna með ýmsum vandamálum.

## 7. Heilparket

Gróf regla sem hægt er að nota til að meta formbreytingu þvert á áhringi (flatskorið, snertilsnið), lóðrétt á áhringi (kvartskorið, geislasnið) og á lengdina er 2:1:0,1. Sjá mynd 5.

Gólf eru með parketstafi sem eru með allar tegundir af áhringjastefnu og þess vegna er rétt að reikna formbreytinguna á breiddina sem meðaltal af snertilsniði og




Mynd 4. Samspil jafnvægis- og viðarraka innanhúss í eitt ár

geislasniði. Meðaltalið í breiddar- og lengdarbreytingu fyrir ákveðna parkettegund er að finna í töflu 4. Gildin eru byggð á hefðbundinni ofnþurrkun. Með sérhæfðum þurkaðferðum er hægt að lækka þessi gildi.

Við breytingu á viðarraka um 2%, sem er meðalbreyting hér á landi á einu ári, er hægt að reikna formbreytingu á metra fyrir breiddar- og lengdarstefnu. Það er gert með því að margfalda með tveimur gildin í dálkum 2 og 4 í töflu 4.

## 8. Samlímt parket



Mynd 5. Breyting á timbri við rakabreytingu

Það er erfitt að reikna formbreytingu á samlímtu parketi því parketið er límt saman úr þremur lögum og miðlagið er hornrétt á hin tvö lögin þannig að þykktin á miðlaginu hefur áhrif á heildar formbreytinguna sem er bæði breiddar-breyting og vindingur.

## 9. Breiddarbreyting

Niðurstöður úr mælingum, sem hafa verið gerðar hjá Norsk Tretknisk Institutt, sýna að breiddarbreytingin er u.þ.b. 1/3 af því sem er í parketi úr heiltri.

Breiddarbreyting í samlímtu eikarparketi er þá 0,07% við % viðarrakabreytingu en í beyki 0,1%. Þetta samsvarar 0,7 mm/m í eik og 1,0 mm/m í beyki við % viðarrakabreytingu. Á einu ári mun því eikarparket sem er samlímt breytast um u.þ.b. 1,5 mm. Þess vegna er mikilvægt að parketið sé afgreitt með viðarraka sem svarar til meðalgildis þess lægsta og hæsta á einu ári.

Venjulega nær parket ekki þeim hámarksviðarraka sem lofrakinn býður upp á. Ástæðan fyrir því er yfirborðsmeðhöndlunin sem seinkar rakabreytingunni. Við verðum samt að gera ráð fyrir hámarkinu.

Gildið 0,07% við % viðarrakabreytingu er byggt á mælingu á breiddinni á parketstafnum. Fyrir heildargólfhlöt verður hreyfingin minni vegna þess að fúgur munu pressast saman.

Í töflu 5 er gefið upp nauðsynlegt bil við vegg, eftir parketgerð, þegar parketið er lagt.

## 10. Lengdarbreyting

Lengdarbreyting mun verða í minnsta lagi jafn stór og lengdarbreytingin sem er gefin upp í efsta laginu í parketinu. Sjá töflu 4. Það er ekki trúverðugt að miðlagið muni auka á lengdarbreytinguna, þar sem stafir í miðlaginu eru aldrei þéttir saman, en samt er nauðsynlegt að reikna með einhverri hreyfingu. Ólíklegt er að fúgur á lengdina taki upp hreyfingu eins og gerist á breiddina.

Gólflistinn á að vera af sömu breidd fyrir lengdar- og

Viðartegund	Meðal breiddarbreyting		Meðal lengdarbreyting	
	% breyting pr. % viðarraka	mm/m pr. %viðarraka	% breyting pr. % viðarraka	mm/m pr. %viðarraka
Askur	0,22	2,2	0,007	0,07
Beyki	0,29	2,9	0,010	0,10
Björk	0,22	2,2	0,020	0,20
Eik	0,22	2,2	0,013	0,13
Fura	0,25	2,5	0,013	0,13
Greni	0,25	2,5	0,010	0,10
Irako	0,16	1,6	0,030	0,30
Kirsuberjatré	0,23	2,3	-	-
Lerki	0,25	2,5	0,010	0,10
Hlynur	0,21	2,1	0,016	0,16
Meranti	0,23	2,3	0,010	0,10
Merbau	0,15	1,5	-	-
Tekk	0,13	1,3	0,016	0,16

Tafla 4. Breyting á timbri við hverja % breytingu á viðarraka



breiddarfúguna. Þar sem herbergið er þrisvar sinnum styttra en breiddin er það breiddarhreyfingin sem ræður þykktinni á gólflietanum. Ef herbergið er þrisvar sinnum lengra en breiddin ræður lengdarbreytingin þykktinni á gólflietanum.

### 11. Lagning

Það eru tvær aðferðir við að leggja parket. Parketið er límt við gólfplötinn eða það er látið fljóta. Gólfíð á að vera slétt, hreint og þurr og þarf að uppfylla frávikskröfur sem eru gefnar upp í staðlinum NS 3420-1, sjá töflu 3. Leggja skal rakavarnarlag þar sem hætta er á því að raki fari í parketið neðan frá þannig að loftraki verði meiri en 60-65% RF.

### 12. Hiti og loftraki

Loftraki (RF) í herberginu þar sem á að leggja parket má ekki vera of hár. Margir framleiðendur setja mörkin við hámarkið 60% RF. Parket sem er framleitt á Norðurlöndum er vanalega með viðarraka 7-8% þegar það er afgreitt frá verksmiðju. Þetta samsvarar loftraka sem er 40% við 20°C. Þar sem parketið er ofþurrkað er nauðsynlegt að því sé pakkað í rakapéttar umbúðir til að tryggja að það taki ekki til sín raka fyrr en það er lagt. Nauðsynlegt er að ganga úr skugga um að umbúðirnar séu óskemmdar við móttöku.

Parketið á að geymast þar til það hefur náð þeim hita sem er í herberginu þar sem á að leggja það. Ef parketið er tekið inn frá köldum lager að vetri og umbúðirnar fjarlægðar getur innloftið þétt á parketinu og parketið tekið í sig raka. Loftraki og hiti á byggingarstaðnum á að vera í samræmi við það sem er talið eðlilegt miðað við árstíma og á það einnig við um nýbyggingar.

### 13. Bil við vegg og fastir punktar

Parket á að hafa pláss til að þenjast við vegg, súlur og lagnir eins og lagt er til, til dæmis í NS 3420-Q, töflu Q2, í samræmi við u.þ.b. 7,5% við lagningu. Þessu er lýst í töflu 5.

Pláss fyrir lengdarbreytingu á að vera það sama, bæði fyrir parket úr heiltri og samlímdu parketi úr mjúkvíði, og breiddarhreyfing á samlímdu parketi, það er að segja 1 mm á metra. Það þarf að vera pláss allan hringinn um parketið við vegg, súlur og lagnir.

Pláss fyrir samlímt parket byggt úr mjúkvíði á að vera 1,0 mm á metra gólfbreiddar. Þar leyfist þensla upp á 2 mm á metra (pláss við báðar hliðar). Þó skal plássíð vera

Parkettegund	Pláss í mm pr. metra af gólfbreidd
Gólf úr borðvíði (t.d. Fura eða greni)	1,5-3,0 <sup>1)</sup>
Gegnheilir stafir sem liggja langsum	1,5-3,0 <sup>1)</sup>
Samlímt á spónaplötur	1,25
Samlímt á barrtré	1,00

<sup>1)</sup> Uppbyggingin á gólfinu skiptir máli og einnig rakinn í parketinu þegar það er lagt.

Tafla 5. Breyting á timbri við rakabreytingu

minnst 8 mm. Gólflistar þurfa að vera það þykkir að þeir dekki rifuna og þar að auki smá sveigju. Nauðsynlegt er að reikna með lágmarksbreytingu upp á 3,0 mm/m gólfbreiddar til öryggis.

Venjulegir gólflistar eru u.þ.b. 15 mm þykkir. Því getur verið nauðsynlegt að hafa sérstaklega þykka lista þar sem parketið er lagt á breið herbergi.

### 14. Neglt eða skrúfað við undirlagið

Hægt er að negla eða skrúfa parketstafi eða -borð við undirlagið. Rakabreyting í borðum og stöfum mun þá deilast jafnt. Reikna má með smá rifum á milli borðanna um vetur sem síðan munu lokast um síðsumar eða haust. Ekki má festa stafi eða borð við undirlagið ef það er límt í nótt og fjóður. Þá er hætta á að stórar rifur myndist í staðinn fyrir margar jafnar og dreifðar. Sama gerist ef parket sem hefur verið skrúfað eða neglt er lakkað með lakki sem límir, t.d. DD lakki. Því er rétt að bíða eftir því að parketið hafi náð jafnvægi í raka. Þetta getur verið óheppilegt því rétt er að lakka parketið strax eftir að það hefur verið lagt.

Velja skal heitgalvaniseraða nagla sem eru þrisvar sinnum þykkir á parketinu. Þegar skrúfur eru notaðar eru valdar skrúfur sem framleiðandinn mælir með. Harðviður er forboraður.

### 15. Parket límt niður

Niðurlímt parket er sérstaklega hentugt fyrir mósaikparket. Hér verður að fylgja leiðbeiningum frá parket- og límframleiðendum.

Parketborðin eða -stafirnir verða að geta hreyfst sjálfstætt. Þess vegna má eingöngu líma þá við gólfplötinn en ekki hvern við annan. Til að tryggja þetta þurfa borðin eða stafirnir að vera fösuð að neðan.

Gólfpletir sem henta fyrir niðurlímingu eru steipt gólf sem er afrétt með flotefni, spónaplötum, krossvíði og vatnspólum gipsplötum. Gólfpletir þurfa að uppfylla hæstu kröfur um frávik.

Ekki er hægt að nota hefðbundinn rakadúk úr plasti undir niðurlímt parket á steipt gólf, sem er afrétt með flotefni. Þess vegna er nauðsynlegt að gólfplatan sé nægilega þurr (miðað við 60-65% loftraka), eða að rakadúkurinn er settur undir fljótandi lag af krossvíði.

### 16. Fljótandi parket

Það er kallað fljótandi parket þegar parketfjalir eða -stafir eru límd saman í nóttina án þess að vera fest við gólfplötinn. Rýrnun og þensla verður án þess að sprungur myndist á milli parketfjala eða stafa. Í staðinn hreyfist allt gólfíð sem ein heild með samanlagðri breytingu eins og einn stafur að fjöl.

Samlímt parket er betra til þess fallið að vera lagt fljótandi en parket úr heiltré þar sem það hefur minni rakabreytingu.

Ef parket úr heiltré sem er með 7% viðarraka er lagt fljótandi þarf að gæta þess að bil við veggj sé nógu mikið til að taka við breytingum á viðarraka. Fljótandi parket úr heiltré er eingöngu notað í lítil herbergi og stafirnir látnir liggja á langveginn. Helst skal nota parket sem hefur litla rakabreytingu og setja auka fúgu ef herbergisbreiddin er það mikil að listar ná ekki að dekkja hreyfinguna. Ekki er hægt að mæla með því að lagt sé fljótandi parket sem er yfir 15 mm þykkt.

Samlímt parket hefur minni hreyfingu en parket úr heiltré, u.þ.b. 1/3 af hreyfingu í parketi úr heiltré, og því er gott að leggja það fljótandi. Undanfarið hefur verið að koma á markaðinn parket með samsetningum sem er svo einfalt í lagningu að eigendur velja að leggja það sjálfir. Nauðsynlegt er að fylgja leiðbeiningum frá framleiðendum og vera meðvitaður um eftirfarandi:

- Gæta þarf þess að hafa nógu mikið bil við veggj, 1 mm á m á breidd og lengd á gólf en þó minnst 8 mm, sjá töflu 5.
- Gæta þarf að vinkli og útskotum þannig að parketið bólgni ekki eða myndi sprungur.
- Gæta þarf að því að læsa ekki parketið fast með þungum húsgögnum, milliveggjum, stokkum við gólf o.s.frv. sem hindra frjálsa hreyfingu. Ef slíkt er nauðsynlegt, skal parketið frekar límt niður eða fest með nögglum eftir því sem hentar fyrir gólf-flötinn sem parketið er lagt á.
- Gæta þarf þess að þar sem gólf eru sérstaklega breið, þ.e. meira en 15 m, er nauðsynlegt að skipta gólfinu upp með þenslufúgum.
- Gæta þarf þess í herbergjum með mörgum útskotum að negla eða líma parketið.

## 17. Stefna á parketi


Heilparket hreyfir sig meira á breiddina en á lengdina. Í löngum herbergjum á stefnan að vera á lengdina.

Í samlímdu parketi er lítil munur á lengdar- og breiddarbreytingu þannig að val um stefnu er frjálsara. Til dæmis er hægt að leggja parketið hornrétt á móti veggjum þar sem eru flestir gluggar þannig að afmyndun sést minna. Einnig er parketið oft lagt í sömu stefnu og þakið á húsinu eða í lengdarstefnu hússins því þannig finnst mörgum að eigi að leggja það. Sjálfberandi parket á að leggja hornrétt á bjálkana. Í löngum, mjóum herbergjum er parket lagt í lengdarstefnu herbergisins.

Parket sem er lagt í munstur er lagt samhverft um miðlínu herbergisins.

## 18. Líming

Misjafnt er hverju framleiðendum mæla með við límburð þegar líma á fljótandi parket saman. Það eru fjórar aðferðir við að bera límið á, sem gefa fullnægjandi árangur. Sjá mynd 6.



Mynd 6. Líming í nótt og tappa

Nr. 1 og 2 á mynd 6 gefur góða límingu milli efrihluta á nótt og tappa. Það er gott ef límið fyllir fúguna milli borðanna þannig að slitfletir límist saman. Þetta lokar fúgunni þannig að vatn fer ekki ofan í hana. Þessi aðferð getur verið óheppileg ef parketið er ekki yfirborðsmeðhöndlað því þá er hættu á því að límið skilji eftir flekki á yfirborðinu. Nr. 3 og 4 á mynd 6 gefur góða límingu milli neðrihluta á nótt og tappa. Þessi aðferð veldur því að ekki koma flekkir eftir límið á yfirborðið en kantarnir límast ekki saman og lokast. Í þeim tilfellum þar sem parketið er olíumeðhöndlað mun olían sem fer ofan í fúgunnar loka þeim.

Gætið þess að setja ekki límið í botninn neðan á tappanum. Þrengsli þegar parketfjöllum er þrýst saman valda því að ekki kemst lím á flötinn í neðrihluta nótar, aðeins á kantinn – nokkuð sem gefur lélega límingu. Mikið lím í botninn á nótinni mun ekki skila lími á flötinn í nótinni þegar stafirnir eru pressaðir saman. Slíkur límburður veldur því að erfitt verður að pressa borðin saman þar sem límið myndar púða á móti tappanum.

Þar sem parket er lagt fljótandi ofan á gólfhita þarf límingin að vera tvöföld, það er að segja, setja þarf lím undir og ofan á tappa.

## 19. Gólfhitun

Gólfhitun er algeng í húsum sem aðalhitun en hjá sumum er hún notuð sem aukahitun (gólfkaldi). Kanna þarf hvort framleiðandinn á parketinu samþykkir gólfhita undir parketinu. Samlímt parket er betra á hituð gólf en heilparket.

Gólfhiti má ekki vera hærri en 26-27°C. Þessi há hiti verður til þess að loftið næst gólfinu verður sérstaklega þurr. Við slíkar aðstæður verður viðarjafnvægisrakinn lágur og viðarrakinn fer niður í allt að 4% sem getur valdið miklum formbreytingum og sprungum á parketinu. Þetta á sérstaklega við um breið borð og heilparket.

Ef parket úr heiltré er lagt í herbergi með gólfhita verður viðarrakinn í parketinu að vera sérstaklega lágur og stafirnir mega ekki vera breiðir þannig að rifur verði sem minnstar á milli borða. Hægt er að nýta sér þenslufúgur.

Beyki er dæmi um efni sem ekki er notað á hitað gólf.

Jafn gólfhiti sem er á bilinu 23-24°C er heppilegastur.

## **20. CE-merking**

Parket á að vera CE merkt samkvæmt staðlinum ÍST EN 14342 – Timburgólf – Eiginleikar.

## **21. Heimildir**

Þetta blað er gert með hliðsjón af:

Christoffer Aas Clementz, Ylva Kleiven. (2013).

Parkettgulv (Fokus 14). Norsk Treteknisk Institutt.

**Höfundur:** Eiríkur Þorsteinsson

**Prentun:** Prentsmiðjan Oddi

**Eftirprentun óheimil.**